



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

02
12 20
21

Benedikt syngur Bach og Händel



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd:

Lagartónlist, svíta nr. 2 (11')

Aría úr kantötu (4')

Aría úr Jefta (5')

Lagartónlist, svíta nr. 3 (9')

Þættir úr Messíasi (10')

Sinfónía (28')

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.instagram.com/sinfó)



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



KVÍKA
Eignastýring

Stoltur bakhjarl

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

02|12

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

Benedikt syngur Bach og Händel

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Dirk Vermeulen
hljómsveitarstjóri

Benedikt Kristjánsson
einsöngvari

Efnisskrá

Georg Friedrich Händel
Lagartónlist, svíta nr. 2 í D-dúr, HWV 349 (1717)

Johann Sebastian Bach
Der Ewigkeit saphirnes Haus, aría úr Trauerode, kantötu BWV 198 (1727)

Georg Friedrich Händel
Waft her, angels, through the skies, aría úr óratoríunni Jefta, HWV 70 (1752)

Hlé

Georg Friedrich Händel
Þættir úr óratoríunni Messíasi, HWV 56 (1742)
Forleikur
Comfort ye, my people
Every valley shall be exalted

Joseph Haydn
Sinfónía nr. 99 í Es-dúr (1793)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



DIRK VERMEULEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Belgíski hljómsveitarstjórinn Dirk Vermeulen hóf feril sinn sem fiðluleikari. Hann hefur leikið einleik undir stjórn helstu hljómsveitarstjóra í Evrópu og gegndi einnig konsertmeisterastöðu við Konunglegu flæmsku fílharmoníusveitina um nokkurra ára skeið. Árið 1985 snéri hann sér alfarið að hljómsveitarstjórn og stofnaði sex árum síðar kammersveitina Prima La Musica sem skipaði sér fljótt í hóp bestu hljómsveita Belgíu. Vermeulen hefur hlotið sérstakt lof fyrir flutning sinn á tónlist 18. aldar og snemmrómantískum verkum en hann hefur einnig verið atkvæðamikill í flutningi eldra barokks og samtímatónlistar. Á árunum 2000–2017 gegndi hann prófessorsstöðu í kammarmúsík við Konunglega tónlistarháskólann í Brussel.

Vermeulen hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum Belgíu og komið fram sem gestastjórnandi margra annarra evrópskra hljómsveita. Hann hefur stjórnað óperuflutningi víða í álfunni og er ekki síst handgenginn óperum Mozarts. Þá hefur hann hljóðritað tugi geisladiska, einkum með Prima La Musica. Meðal þeirra er diskur með *Lagartónlist* Händels og fimm diskar sem helgaðir eru verkum Josephs Haydn.

Þetta er í þriðja sinn sem Dirk Vermeulen stjórnar aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann var hér á ferð árin 2014 og 2018 og vakti óblandna aðdáun tónleikagesta jafnt sem hljómsveitar.



BENEDIKT KRISTJÁNSSON

EINSÖNGVARI

Benedikt Kristjánsson fæddist á Húsavík árið 1987. Hann hóf söngnám við Söngskólann í Reykjavík 16 ára gamall og lauk síðan framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2007, þar sem Margrét Bóasdóttir var kennari hans. Samhliða náminu söng Benedikt í Hamrahlíðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Benedikt stundaði framhaldsnám við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín, þar sem aðalkennari hans var Scot Weir, og útskrifaðist þaðan árið 2015. Hann hefur sótt meistaranámskeið hjá Peter Schreier, Christu Ludwig, Elly Ameling, Robert Holl, Andreas Schmidt, Thomas Quasthoff og Helmut Deutsch.

Benedikt hlaut fyrstu verðlaun, auk áheyrendaverðlauna, í alþjóðlegri Bach-söngkeppni í Greifswald í júní 2011. Árið eftir hreppti hann verðlaun áheyrenda í alþjóðlegu Bach-keppninni í Leipzig og var valinn Bjartasta vonin í sígildri og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum. Hann hefur síðan tvívegis hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngvari ársins. Benedikt hlaut hin þýsku OPUS Klassik verðlaun fyrir nýstárlegustu tónleika ársins 2019 þar sem hann söng einn alla Jóhannesarpassíu Bachs, ásamt sembal- og orgelleikara og slagverksleikara. Benedikt og félagar endurtóku leikinn á föstudaginn langa árið eftir í tómrí Tómasarkirkjunni í Leipzig. Sá viðburður vakti mikla athygli og fylgdist fjöldi manna með honum rafrænt víða um heim.

Benedikt hefur komið fram sem einsöngvari í ýmsum merkustu tónleikahúsum heims og sungið í óperuhúsunum Staatsoper Berlin, Theater Kiel og Staatstheater Braunschweig, þar sem hann hefur flutt bæði barokkóperur og ný verk. Hann er tíður gestur á virtum tónlistarhátíðum, eins og Bachfest Leipzig, Musikfest Stuttgart, Händelfestspiele Halle og Oude Muziek Festival Utrecht, og hefur unnið með mörgum afbragðs stjórnendum. Af þeim má nefna Reinhard Goebel, Reinbert de Leeuw, Peter Dijkstra, Vaclav Luks, Hans Christoph Rademann, Vladimir Jurowski og Philippe Herreweghe.

Fyrsta sólóplata Benedikts, *Drang in die Ferne*, kom út árið 2019 og hlaut mikið lof gagnrýnenda. Á henni eru tvinnuð saman sönglög eftir Schubert og íslensk þjóðlög sungin án undirleiks.



GEORG FRIEDRICH HÄNDEL

LAGARTÓNLIST, SVÍTUR NR. 2 OG 3

Georg Friedrich Händel (1685–1759) fæddist í Halle á Saxlandi og ólst þar upp. Örlögin höguðu því svo að hann fór til Englands hálfþrítugur, átti þar heima upp frá því og lagði ómetanlegan skerf til enskrar tónlistarsögu. Hann starfaði í skjóli konungs, Georgs 1., sem sjálfur var þýskur og kjörfursti af Hannover en erfði bresku krúnuna árið 1714. Sumarið 1717 vildi Hans hátign létta sér upp og óskaði eftir því að efnt yrði til tónleika á Tempsá, sem og varð laugardagskvöldið 17. júlí. Händel var fenginn til þess að sjá um tónlistina og þar var öllum mögulegum hljóðfærum tjaldað til: trompetum, hornum, óbóum, fagottum, flautum og strengahljóðfærum. Alls voru um 50 hljóðfæraleikarar um borð í hljómsveitarbátnum sem fylgdi skemmtiskútu konungs fast eftir. Konungur varð svo hrifinn af tónlistinni að hún var flutt alls þrisvar sinnum þetta kvöld, tvisvar sinnum fyrir kvöldverð og í þriðja sinn að máltíð lokinni. Veður var hið besta og fjöldi báta á ánni með fólki sem naut tónlistarinnar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þættir úr Lagartónlist Händels hljómuðu fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu 11. desember 1951 undir stjórn Vectors Urbancic. Síðan hafa þættir úr svítunum heyrst alloft á tónleikum hljómsveitarinnar og þeim hafa stjórnað, meðal annarra, Igor Buketoff (1965), Páll P. Pálsson (1973, 1974, 1977 og 1980), Anthony Hose (1989), Petri Sakari (1997), Nicholas Kraemer (2008) og Matthew Halls (2015).

Ekki er vitað nákvæmlega hvaða þættir úr því sem árið 1733 var gefið út undir heitinu Lagartónlist (*Celebrated Water Musick*) voru fluttir þetta fallega kvöld. Þáttunum var síðar raðað í þrjár svítur. Í upphafi svítu númer tvö ber mikið á hornum, trompetum og pákum í viðbót við þokkafull strengahljóðfærni en í þeirri þriðju fá hin hógværu tréblásturshljóðfæri líka að skína.

WAFT HER, ANGELS, THROUGH THE SKIES, ARÍA ÚR JEFTA

Þegar Händel hleypti heimdraganum, ungar að árum, lá leið hans fyrst til Hamborgar þar sem hann fékk starf sem fiðluleikari við óperuhljómsveitina. Þar voru fyrstu tvær óperur hans færðar upp árið 1705 þegar tónskáldið stóð á tvítugu. Ári síðar hélt hann til Ítalíu og dvaldist þar næstu árin, í Flórens, Róm og víðar. Hann sá sér farborða með tónsmíðum af ýmsu tagi, ekki síst

kantötum, óratoríum og óperum og varð mjög handgenginn hinni ítölsku óperuhefð, *opera seria*, þar sem efniviðurinn var sóttur í sagnasjóð fornaldar.

Händel hélt áfram óperusmið af krafti eftir að hann fluttist til Englands árið 1710. Hvert verkið á fætur öðru rann úr penna hans og var fært upp í King's Theatre í Haymarket í Lundúnum, öll í ítölskum stíl og sungin á ítölsku. Händel hafði þó ekki dvalist ýkja lengi með enskum þegar hann fór að reyna sig við að semja sviðsverk á máli innfæddra og árið 1718 voru tvö slík frumflutt, *Acis og Galatea* og óratorían *Ester*. Eftir því sem árin liðu tók Händel að sinna óratoríum meira, sumpart vegna þess að enskir áheyrendur dofnuðu í áhuga sínum á ítölsku óperunum og vildu heldur heyra verk á móðurmálinu. Uppsetning óratorianna var líka einfaldari og ódýrari, kallaði ekki á viðamikla leikhúsumgjörð. Efniviðurinn var allajafna sóttur í Gamla testamentið en textahöfundar sneru biblíutextanum í bundið mál og löguðu að kröfum um dramatíska framvindu verksins. Líkt og í ítölsku óperunum skiptast söngles og aríur á í óratoríum Händels en áhrifamiklir kórkaflar eru jafnframt aðalsmerki þeirra.

Jefta er síðasta óratorían sem Händel auðnaðist að semja. Hann lauk henni árið 1752, með herkjum, má segja, því hann var orðinn sjóndapur. Efníð er sótt í Dómarabókina (11. kafla). Þar segir frá hraustmenninu Jefta sem fenginn er til þess að leiða her Ísraelsmanna gegn Ammónítum sem á þá herja. Jefta heitir á Guð að veita sér sigur og lofar í staðinn að fórna honum því fyrsta sem mæti sér þegar heim kemur. Ísraelsmenn sigra og þegar Jefta snýr heim kemur einkadóttir hans út á móti honum. Hann verður yfirkominn af sorg en getur ekki gengið á bak orða sinna. Hann undirbýr fórnina og syngur aríuna *Waft her, angels, through the skies þar sem hann biður þess að dóttirin verði numin upp til himna.*

ÞÆTTIR ÚR MESSÍASI

Messías, sem Händel samdi á rúmum þremur vikum árið 1742, tekur öllum óratoríum hans fram í vinsældum. En verkið sker sig einnig úr fyrir það að texti þess er sóttur beint í biblíuna en ekki umortur. Það hefst á forleik en síðan taka við tveir þættir þar sem tenórsöngvari flytur áheyrendum boðskap spádómsbókar Jesaja (40.1–4) um að huggun sé í nánd og menn skuli greiða Drottni veg um eyðimörkina, ryðja honum beina braut.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Messías hefur hljómað margoft á Íslandi, ýmist hlutar verksins eða í heild. Páll Ísólffsson stýrði kórþáttum úr verkinu í Dómkirkjunni á þriðja áratug síðustu aldar, og Victor Urbancic flutti það með Kór Tónlistarfélagsins árið 1940. Sinfóníuhljómsveit Íslands tók fyrst þátt í flutningi Messíasar árið 1963, undir stjórn Róberts A. Ottóssonar sem einnig hélt um tónsprotann þegar hljómsveitin lék Messías áratug síðar. Hljómsveitin flutti verkið með Pólýfónkórnum undir stjórn Ingólfs Guðbrandssonar árið 1986 og á Listahátíð í Reykjavík 1992 þar sem Jón Stefánsson stýrði flutningnum. Messías hefur tvívegis verið fluttur á aðventutónleikum Sinfóníunnar í Eldborg: undir stjórn Matthew Halls árið 2011 og Nicholas Kraemer 2012.



JOHANN SEBASTIAN BACH

DER EWIGKEIT SAPHIRNES HAUS, ARÍA ÚR KANTÖTU BWV 198

Kantatan sem þessi fallega aría tilheyrir er oft nefnd *Trauerode* (Sorgaróður). Hún var samin í tilefni af dauða og útför Christiane Eberhardine, konu Ágústs kjörfursta af Saxlandi, og frumflutt við minningarathöfn í Pálskirkjunni í Leipzig þann 17. október 1727. Það voru ungir aðalsmenn, stúdentar við háskólann í Leipzig, sem höfðu forgöngu um athöfnina og pöntuðu verkið hjá Bach og skáldinu Johanni Christoph Gottsched.

Kantatan er í tíu stuttum þáttum, skrifuð fyrir fjóra söngvara og litla sveit „blíðra hljóðfæra“ sem hæfðu tilefninu: tvær þverflautur, tvö óbó d'amore, tvær gömbur, tvær lútur, strengi og fylgiródd. Bach stjórnaði frumflutningnum sjálfur frá hljómborðinu. Þáttunum tíu var skipt í tvo hluta, fyrir og eftir minningarorðin sem forsprakki stúdentanna flutti. Arían Der Ewigkeit saphirnes Haus er fyrsta atriði seinni hluta. Þar er því lýst hvernig hin látna er umvafin geislum hundrað sólna í safírbláum heimkynnum eilífðarinnar.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur á ferli sínum leikið allmargar af hinum rúmlega hundrað sinfóníum Haydns. Síðast hljómaði sú nr. 102 en hún var flutt undir stjórn Matthew Halls í október 2019. Þetta er á hinn bóginn í fyrsta sinn sem 99. sinfónía Haydns er flutt á Íslandi.

JOSEPH HAYDN

SINFÓNÍA NR. 99 Í ES-DÚR

Líkt og raunin var með Georg Friedrich Händel, olli Lundúnaferð straumhvörfum á ferli Josephs Haydn (1732–1809). Hann hafði verið í þjónustu Eszterházy-furstanna næstum öll sín fullorðinsár en aðstæður hans breyttust árið 1790 við andlát Nikulásar 1. Eszterházy sem verið hafði mikill áhugamaður um tónlist og haldið úti bæði hljómsveit og óperu við hirð sína. Arftaki Nikulásar, Anton, var ekki sama sinnis. Hann lagði hljómsveitina niður og leysti Haydn frá tónlistarstjóraskyldum sínum en hélt honum þó á launaskrá. Haydn var því á lausum kili, hugsandi sitt ráð, þegar hann fékk heimsókn frá Johanní Peter Salomon, þýskum fiðluleikara og hljómsveitarstjóra sem hélt úti tónleikaröð í Lundúnum. Salomon taldi Haydn á að fylgja sér til Englands og þangað komu þeir í ársbyrjun 1791.

Lundúnaárin voru sælutími í lífi Haydns. Hann dvaldist þar í tvígang, fyrst 1791–92 og síðan 1794–95. Ólíkt því sem hann hafði áður reynt var hann sjálfs sín ráðandi og hafði umtalsverðar tekjur af tónsmíðum sínum. Hann samdi alls tólf sinfóníur (nr. 93–104) til flutnings í tónleikaröð Salomons sem haldin var í glæsilegum konsertsal við Hanover Square. Þessar sinfóníur þykja nú á dögum hátindur á tónsmíðaferli Haydns og sýna glöggst hvernig sinfóníuformið hafði þroskast í meðförum hans. Við hirð Eszterházy's hafði Haydn aðgang að úrvals hljóðfæraleikurum, sem hann vann náði með, en hljómsveitin var lítil. Haydn gaf ríkan gaum að sérkennum ólíkra hljóðfæra og skóp ýmis samspilstækifæri innan sinfóníanna, lét blásarana til dæmis kasta á milli sín stefjum og vefa saman. Í Lundúnum var hljómsveitin stærri — og hér fór Haydn til dæmis í fyrsta sinn að nota klarínett í sinfóníum — en hann hélt áfram að vinna með ólíkan tónblæ hljóðfæranna, nýta hann í samspili og til þess að skapa tilbreytingu í úrvinnslu stefja.

Sinfónían í Es-dúr nr. 99 var samin árið 1793 og frumflutt 10. febrúar árið eftir þegar Haydn var nýkominn til Lundúna öðru sinni. Hann stjórnaði sjálfur flutningnum og verkinu var fírna vel tekið. Fyrsti þáttur sinfóníunnar var klappaður upp og í umsögn dagblaðsins *The Morning Chronicle* sagði að „fyrir öllu hefði ríkt hin undraverða, þrotlausa og háleita snilligáfa Haydns“.

Svanhildur Óskarsdóttir

Der Ewigkeit saphirnes Haus Úr kantötunni „Laß, Fürstin, laß noch einen Strahl“ BWV 198

Der Ewigkeit saphirnes Haus
Zieht, Fürstin, deine heitern Blicke
Von unsrer Niedrigkeit zurücke
Und tilgt der Erden Dreckbild aus.
Ein starker Glanz von hundert Sonnen,
Der unsern Tag zur Mitternacht
Und unsre Sonne finster macht,
Hat dein verklärtes Haupt umspinnen.

Johann Christoph Gottsched

Waft her, angels, through the skies Úr óratoríunni „Jephtha“

Waft her, angels, through the skies,
Far above yon azure plain,
Glorious there, like you, to rise,
there, like you, forever reign.

Thomas Morrell

Comfort ye my people Úr óratoríunni „Messiah“

Comfort ye, comfort ye my people, saith your God.
Speak ye comfortably to Jerusalem; and cry unto
her, that her warfare is accomplished, that her
iniquity is pardoned. The voice of him that crieth
in the wilderness: Prepare ye the way of the Lord,
make straight in the desert a highway for our God.
(Isaiah 40, 1–3)

Ev'ry valley shall be exalted Úr óratoríunni „Messiah“

Ev'ry valley shall be exalted, and ev'ry mountain
and hill made low; the crooked straight and the
rough places plain. (Isaiah 40, 4)

Úr Jakobsbiblíu

Safírsalir eilífðarinnar Úr kantötunni „Lát, furstafrú, lát enn einn geisla“ BWV 198

Safírsalir eilífðarinnar draga,
furstafrú, til sín skært augnaráð þitt
burt frá vorum lítilmótleika
og eyða saurugri mynd jarðarinnar.
Sterkur ljómi frá hundrað sólum,
sem gerir vorn dag að miðnætti
og myrkvar vora sól,
hefur umvafið uppljómað höfuð þitt.

Svífið, englar, með henni Úr óratoríunni „Jefta“

Svífið, englar, með henni um himnana,
langt yfir þessari heiðbláu sléttu,
til að hefjast þar upp, eins og þú, í dýrð,
og ríkja þar, eins og þú, að eilífu.

Reynir Axelsson þýddi

Huggið mitt fólk Úr óratoríunni „Messías“

Huggið, huggið mitt fólk segir yðvar Guð. Talið
vinsamlega við Jerúsalem, og predikið henni,
það hennar riddaraskapur hafi einn enda. Þvíáð
hennar misgjörningur er fyrirgefinn. Það er raust
eins predikara úti eyðimörkinni: Tilreiði þér vegu
Drottins, og gjörði í óbyggðinni sléttan veg vorum
Guði. (Esajas 40:1–3)

Allir dalir skulu upphefjast Úr óratoríunni „Messías“

Allir dalir skulu upphefjast, og öll fjöll og hálsar
skulu niðurlægð verða, og hvað óslétt er það skal
slétt verða, og hvað ójafnt er það skal eggslétt
verða. (Esajas 40:4)

Úr Guðbrandsbiblíu

02

1220
21

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Pétur Björnsson
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Laura Liu
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Matthías Stefánsson

Víóla

Pórunn Ósk Marinósdóttir
Pórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Lucja Koczot

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Júlía Mogensen

Bassi

Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Pórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Frank Hammarin

Trompet

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Semball

Guðrún Óskarsdóttir

Pákur

Frank Aarnink

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daníel Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Víkíngur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Frankvæmnda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*

Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðsfulltrúi*
Sverrir Hjálmarsson *mannauðsstjóri*
Svanhvit Hrólfisdóttir *fjármálastjóri*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgúlfisdóttir *sviðsstjóri*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

06|01

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

07|01

FÖSTUDAGUR
KL.19:30

08|01

LAUGARDAGUR
KL.16 & 19:30

VÍNARTÓNLEIKAR

Herdís Anna og Elmar Gilbertsson
í ævintýrlegri nýársveislu undir
stjórn David Danzmayr.



Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050